

Hlutverk Klakans

Hlutverk félagsmiðstöðvarinnar er að styðja við unglinga í gegnum fjölbreytt tómsundastarf. **Megin markmið** starfsins er að veita þeim tækifæri til samveru og stunda heilbrigðar tómsundir undir leiðsögn reyndra tómsundaleiðbeinenda.

Leiðarljós starfsins er að efla félagsfærni, sjálfsmynd og virkni unglinganna. Unnið er út frá hugmyndafræði barna- og unglinga-lyðræðis, hugmyndum og áhugasviði nemenda skólans. Leitað verður eftir röddum unglinganna hvað varðar starfsemi og þær upptökur sem verða hverju sinni, innra starf og umgjörð.

Dæmi um viðburði á opnum kvöldum Klakans:

Spilakvöld · feluleikur um skólann · böll · gistigleði · lan · fífamót · varúlfur ·

Opnunartími

Klakinn er opinn öllum unglingum í 8.-10. bekk, **þriðjudaga og fimmtudaga frá kl 19.30 – 22.00**. Það er frjálst að koma og fara hvenær sem er á opnunartímanum.

Staðsetning Klakans

Klakinn er með aðstöðu inni á unglingasvæði skólans og skrifstofa forstöðumanns er inni á unglingadeildarsvæði.



Félagsmiðstöðin Klakinn



Staðsett í Sjalandskóla

Langalína 8

S. 590-3109/617-1542

Upplýsingar til foreldra

Starf forstöðumanns Klakans felst m.a. í því að halda utan um félagsmálaval, stjórn nemendafélags skólans og aðstoða nemendur við undirbúning starfsins. Einnig tekur forstöðumaður að sér verkefni innan skólans eftir þörfum s.s. hópastarf og hópefli. Forstöðumaður mun taka þátt í haust- og vorferðum 8., 9. og 10. bekkjar. Kvöldstarfsfólk Klakans starfaði allt í Klakanum síðastliðinn vetur og er því vel kunnugt unglíngunum.

Félagsmiðstöðin er með "like" facebook síðu þar sem helstu upplýsingar um viðburði, myndir, markmið og áherslur starfsins er að finna. Klakinn hvetur ykkur til að fylgjast vel með starfinu og nálgast upplýsingar. Hægt er að finna okkur undir "Félagsmiðstöðin Klakinn". Einnig munu koma upplýsingar inná heimasíðu Sjúlandsskóla undir flípanum "Klakinn".

Starfsmenn Klakans 2015-2016



Helga Vala Gunnarsdóttir
Forstöðumaður



Lea Björk Auðunsdóttir
Kvöldstarfsmaður



Tómas Þór Jacobsen
Kvöldstarfsmaður



Atli Dan Ólafsson
Kvöldstarfsmaður

Samstarf

Klakinn sækir viðburði Samfés ár hvert en Samfés eru frjáls félagasamtök félagsmiðstöðva á Íslandi. Ýmsir viðburðir eru á þeirra vegum en þar ber helst að nefna:

- Rímnaflæði
- Stíl—Hönnunarkeppni
- SamFestinginn
- Söngkeppni Samfés
- Landsmót Samfés

Undirbúningur fer fram í félagsmiðstöðvum og eru forkeppnir haldnar fyrir þá viðburði sem við á. Viðburðir á vegum Samfés eru fjölsóttir og skemmtilegir. Hægt er að afla sér frekari upplýsinga inn á heimasíðu samtakanna; www.samfes.is

Klakinn heldur sameiginlega viðburði með félagsmiðstöðvunum Garðalundi og Elítunni innan Garðabæjar.

Einnig er Klakinn í nánu samstarfi við Sjúlands-